



Efni: Yfirlit yfir breytingar sem gera þarf á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Eftirfarandi breytingar þarf að gera á skilmálum fyrir svæði Ú20-Ú22 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Bæta þarf við eftirfarandi texta við svæði Ú20-Ú22.

Ú20 - Fjaran á Flateyri. Fjaran tengist sterklega götumyndinni. Hluti af stærra svæði.

Ákvæði Líta ber á fjöruna ásamt þeim gömlu húsum sem þar eru sem eina heild. Varðveita skal fjörunar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi. Innan svæðisins eru heimilaðar framkvæmdir í tengslum ofanflóðamannvirki.

Ú21 - Svæði inni í varnargarðinum á Flateyri / 4 ha.

Ákvæði Skipulögð útivistarsvæði tengd snjóflóðavarnargörðum. Framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag. Innan svæðisins eru heimilaðar framkvæmdir í tengslum ofanflóðamannvirki.

Svæði Ú22 - Útivistarsvæði á Sólbakka í Önundarfirði. Bótin og nágrenni hennar austan snjóflóðagarðsins. Hluti svæðisins er á hverfisverndarsvæði H19. Innan svæðisins eru heimilaðar framkvæmdir í tengslum ofanflóðamannvirki.

Þetta þarf ekki að vera flóknara fyrir textabreytingu á aðalskipulaginu en þar sem ætlunin er að grenndarkynna framkvæmdaleyfið þá þarf að vera mjög greinargóð framkvæmdalýsing þar sem lýsir fyrirhuguðum mannvirkjum mjög vel.

Kópavogur 01.02.2023